

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. júní 1972.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á staðfestu skipulagi í Skildinganesi í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 31. maí 1972 staðfest breytingu á staðfestu skipulagi í Skildinganesi, að því er varðar eftirfarandi:

1. Vesturhluti lands undir hverfisstofnanir verði 4 einbýlishúsalóðir.
2. Knattvöllur færist að Skeljanesi, neðan byggðar við Skeljatanga.
3. Lega Gnitaness færist í sama horf og sýnt er á uppdrætti í mælikvarða 1:2000 staðfestum 10.2. 1965.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. júní 1972.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árið 1969.

### Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári .....		kr. 37 624 110.35
2. Bætt við innstæður vaxtaeigenda:		
a. Innlög á árinu .....	kr. 211 921.47	
b. Verðlaun úr Minningarsjóði Eiríks prófessors Briems .....	— 1 434.00	
c. Vaxtabætur Söfnunarsjóðsins .....	— 34 223.04	
	<hr/>	
Innstæðuaukning alls .....	kr. 247 578.51	
d. Vextir lagðir við höfuðstól .....	— 2 615 420.92	
	<hr/>	— 2 862 999.43
3. Vextir af útlánum .....	kr. 3 616 015.80	
4. Þóknun, dráttarvextir o. fl. ....	— 12 602.45	
5. Vextir geymdir til útborgunar 1970 .....	— 644 848.83	
	<hr/>	— 4 273 467.08
		<hr/>
		kr. 44 760 576.86

